

AFREKS- OG ÓLYMPÍUSVIÐ ÍSÍ



ÓLYMPÍULEIKAR



Ólympíuleikar eru ein glæsilegasta íþróttahátíð heimsins. Ísland tók fyrst þátt á Sumarólympíuleikunum í London árið 1908 og Vetrarólympíuleikunum í St. Moritz árið 1948.



Næstu Sumarólympíuleikar fara fram í Tókýó í Japan 23. júlí til 8. ágúst árið 2021. Keppt verður í 324 keppnisgreinum 33 alþjóðasársambanda, sem er fjölgun frá fyrri leikum. Fjöldi keppenda er áætlaður rúmlega 11.000 frá 206 löndum.



Næstu Vetrarólympíuleikar fara fram í Peking í Kína 4. til 20. febrúar árið 2022. Í Peking verður keppt í 109 keppnisgreinum 7 alþjóðasársambanda, í 15 íþróttagreinum. Peking verður fyrsta borgin til að halda bæði Sumar- og Vetrarólympíuleika en Sumarólympíuleikar voru haldnir í borginni árið 2008.



Sumarólympíuleikarnir 2024 fara fram í París í Frakklandi 26. júlí til 11. ágúst. Keppt verður í 306 keppnisgreinum og er keppendafjöldi áætlaður um 15.000.



Vetrarólympíuleikarnir 2026 munu fara fram í Mílanó og Cortina á Ítalíu frá 6. til 22. febrúar.





ÓLYMPÍULEIKAR UNGMENNA (YOG)

Á Ólympíuleikum ungmenna er keppt í íþróttagreinum þeirra alþjóðasársambanda sem eru með keppnisgreinar á Ólympíuleikum. Aldur keppenda er 15-18 ára. Fyrstu sumarleikarnir fóru fram í Singapore árið 2010. Fyrstu vetrarleikarnir fóru fram í Innsbruck árið 2012. Ísland hefur átt keppendur á leikunum frá upphafi. Í Nanjing í Kína 2014 vann íslenska drengjalandsliðið bronsverðlaun í knattspyrnu. Á sumarleikunum í Buenos Aires í Argentínu árið 2018 sigraði Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir í 200m hlaupi stúlkna.

Markmið leikanna er að sameina besta unga íþróttafólk heims í keppni og leik við bestu hugsanlegu aðstæður. Boðið er uppá öflugna kynningu á Ólympíuhugsjóninni og áhersla lögð á að efla fræðslu á ólympískum gildum auk þess að ræða um þær ógnanir sem steðja að samfélaginu hverju sinni. Þá er markmiðið að kynna enn frekar íþróttir ungmenna og efla þátttöku í íþróttastarfi á heimsvísu.

Næstu Vetrarólympíuleikar ungmenna fara fram í Gangwon í Suður-Kóreu árið 2024 og næstu Sumarólympíuleikar ungmenna verða haldnir í Dakar í Senegal árið 2026.



EVROPULEIKAR



Evrópuleikar eru haldnir af Samtökum evrópskra ólympíunefnda (EOC) á fjögurra ára fresti. Fyrstu leikarnir fóru fram í Baku í Azerbaídsjan í júní 2015. Árið 2019 voru leikarnir haldnir í Minsk í Hvíta-Rússlandi.

Næstu leikar verða haldnir í Krakow og Malopolska héraðinu í Póllandi árið 2023.



SMÁÞJÓÐALEIKAR



Smáþjóðaleikar eru íþróttakeppni smáþjóða Evrópu. Um 1.000 keppendur taka þátt í leikunum, sem fara fram annað hvert ár á heimavelli einhverrar af níu smáþjóðunum sem að leikunum standa. Kjarnagreinir á leikunum eru frjálsíþróttir, sund, júdó, skotíþróttir, tennis og borðtennis auk tveggja hópíþróttar sem oftast hafa verið körfuknattleikur og blak. Fer það eftir aðstæðum hjá hverjum gestgjafa hvort keppt sé í öllum kjarnagreinunum og hvort keppt sé í einhverjum greinum til viðbótar.

Næstu Smáþjóðaleikar fara fram á Möltu árið 2023.





ÓLYMPÍUHÁTÍÐ EVRÓPUÆSKUNNAR

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar er íþróttahátíð fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14-18 ára. Leikarnir hafa verið haldnir á oddatöluári, bæði vetrar- og sumarleikar, og eru íþróttagreinar tíu á hvorum leikum fyrir sig. Leikarnir hafa verið mikilvægir fyrir ungt íþróttafólk álfunnar í gegnum tíðina. Margir af fyrri keppendum á leikunum hafa náð alla leið á efsta getustig í sínum greinum. Til þessa hafa íslensk ungmenni unnið til fernra verðlauna á leikunum. Var það á leikunum í Lissabon 1997, þar náði Örn Arnarson í gullverðlaun í 100m baksundi og silfur í 200m baksundi, Einar Karl Hjartarson sigraði í hástökki og Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir vann bronsverðlaun í 100m baksundi.

Næsta vetrarhátíð fer fram í Vuokatti í Finnlandi 11. til 18. desember 2021.

Næsta sumarahátíð fer fram í Banská Bystrica í Slóvakíu frá 24. til 30. júlí 2022.



Frekari upplýsingar um verkefni á vegum Afreks- og Ólympíusviðs má sjá á vefsíðu ÍSÍ.

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
Engjavegur 6
104 Reykjavík

Sími: 514 4000
Netfang: isi@isi.is
Vefsíða: www.isi.is



Afreks- og Ólympíusvið

Nóvember 2020